

*Mynd úr langri golfsögu lækna, tekin sólarmegin í lífinu í Skotlandi. Á myndinni eru vanir menn, frá vinstri: RD, SH, FV, SJ, MJ, PS, ÓE, GB, BG, RS, KJ, ÓZÓ. Úr myndasafni Ólafs Z. Ólafssonar.*



# GOLF LÍ Í SUMAR

Félagsmenn Læknafélags Íslands sem spila golf ættu að gleðjast því golfmótaröðin 2018 verður enn veglegri en áður. Fjögur golfmót verða haldin á árinu, á fjórum frábærum golfvöllum.

Mótaröðin hefst í maí á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði hjá Golfklúbbnum Keili, júnímótið verður í Mosfellsbæ hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar, í júlí verður mót á Kjalarnesi hjá Golfklúbbnum Brautarholti og lokamótið verður í Garðabænum hjá Golfklúbbi GKG.

Allir keppendur fá teiggjafir. Veglegir vinningar verða í boði fyrir efstu sætin. Nánari upplýsingar þegar opnað verður fyrir skráningu.

## Dagskrá mótaröðarinnar

- 18. maí  
Hvaleyrarvöllur, Hafnarfirði
- 29. júní  
Hlíðavöllur, Mosfellsbæ
- 25. júlí  
Brautarholtsvöllur, Kjalarnesi
- 31. ágúst  
Leirdalsvöllur, Garðabæ